



49. AÐALFUNDUR SAMBANDS SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Haldinn laugardaginn 4. október 2025

í Fjölbautarskóla Suðurnesja, Sunnubraut 36, 230 Reykjanesbær

Rétt til fundarsetu hafa kjörnir bæjarfulltrúar, framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaga og gestir.

Dagskrá:

Skráning fulltrúa og afhending gagna

Fundinn sóttu 22 sveitarstjórnarmenn, aðal- og varamenn.

Reykjanesbær: 10 fulltrúar

Grindavík: 3 fulltrúar

Suðurnesjabær: 9 fulltrúar

Sveitarfélagið Vogar: 6 fulltrúar

Frummælendur á fundinum voru:

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir, dómsmálaráðherra, Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri SSS, Hafþór Ernir Ólason og Margrét Norðfjörð Karlsdóttir, Ungmennaráð Suðurnesja, Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri SSS, Darri Johansen Pipar/TBWA, Jón B. Guðnason, Landhelgisgæsla Íslands, Steingrímur Sigurgeirsson fulltrúi varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis, Kristján Þ. Ragnarsson endurskoðandi Deloitte, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, fyrsti þingmaður Suðurbjörðdæmis, Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, formaður stjórnar SSS.

Aðrir gestir:

Magnús Stefánsson, bæjarstjóri Suðurnesjabæ, Þuríður H. Aradóttir, SSS, Logi Gunnarsson, SSS, J. Trausti Jónsson, HES, Kristján Ásmundsson, FS, Margrét K. Pálsdóttir, LSS, Eypór Rúnar Þórarinsson, BS, Georg E. Friðriksson, LHG, Guðbrandur Einarsson, Alþingi, Ása Berglind Hjálmsdóttir, Alþingi, Víðir Reynisson, Alþingi, Jóhann Friðrik Friðriksson, Alþingi, Hera Einarsdóttir, Reykjanesbær, velferðarsvið, Guðrún Hafsteinsdóttir, Alþingi, Guðlaugur Sigurjónsson, Reykjanesbær, Hólmfríður J. Árnadóttir, Sveitarfélagið Vogar, Betsý Ásta Stefánsdóttir, Reykjanesbær, Snjólaug K. Jakobsdóttir, SSS, Hrafnhildur Stígsdóttir, SSS.

1. Fundarsetning

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, formaður SSS, setti fundinn og bauð gesti velkomna.

Halldóra kynnti tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Reykjaneshæjar. Eldey Vaka Björnsdóttir, nemi í Tónlistarskóla Reykjaneshæjar spilaði á trompet fyrir gesti fundarins.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lögð fram tillaga um að Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir og Margrét Ólöf Sanders verði fundarstjórar. Díana Hilmarisdóttir og Sverrir Bergmann eru tilnefndir fundarritarar og fundarskrifari er Snjólaug Kristín Jakobsdóttir. Margrét Sanders tók við fundarstjórn og leiddi fundinn.

3. Ávarp frá fyrsta þingmanni Suðurkjördæmis – Ásthildur Lóa Þórsdóttir

Pakkar fyrir gott samstarf á síðasta tímabili. Fram kom að ríkisstjórnin væri að auka fjárframlög til innviðauppbýggingar. Ræddi hún um mikilvægi þess að styrkja landamæri, samgöngur og fjarskiptainnviði, þar með talið þróun 3G, 4g og 5G kerfa og áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðara um land allt.

Einnig fjallaði Ásthildur um sjóvarnir í Suðurnesjabæ, verkefni tengd NATO og Helguvík. Ræddi um stöðu mála í Grindavík, sem heyra undir forsætisráðuneytið og að taka þyrfti ákvörðun um framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í Grindavík á næsta ári.

Húsnæðismál voru einnig til umræðu. Bent hún á að uppsafnaður vandi á húsnæðismarkaði væri mikill, sérstaklega fyrir ungt fólk sem ætti erfitt með að komast inn á markaðinn. Helstu ástæður væru háir vextir og verðbólga, sem takmarka möguleika ungs fólks á að eignast húsnæði.

Að lokum ræddi hún tímabilið sem hún gegndi embætti barnamálaráðherra og sagði það hafa verið „verstu aðför að stjórnmalamanni á Íslandi „.

4. Ávarp frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga – Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri

Arnar ræddi um fjármálastefnu sveitarfélaga sem tókst mjög vel þar sem áherslan var á innviði og innviðaskuld. Fram kom að 12.000 km af vegum eru í eigu ríkisins og 12.000 km í eigu sveitarfélaga. Einnig var bent á að 65% allra opinberra bygginga eru í eigu sveitarfélaga.

Sveitarfélögin leggja áherslu á að fá endurgreiddan innviðaskatt af nýbyggingum og vilja að slíkt verði hluti af samstarfi við ríkið. Ríkisstjórnin hefur lýst yfir vilja til að draga úr innviðaskuld og sett af stað stefnu í þeim efnum. Samband Íslenskra sveitarfélaga (SÍS) fagnar því framtaki og vill taka virkan þátt í samstarfi við ríkið um framkvæmdina.

Einnig kom fram að sveitarfélögin fjármagna sig nú með hærri vöxtum en ríkið sem þýðir um þriggja milljarða króna aukinn árlegan kostnað miðað við vexti ríkisins. Á norðurlöndum greiða ríki og sveitarfélög sambærilega vexti og telur SÍS mikilvægt að hefja samtal við ríkið um leiðir til úrbóta.

Sveitarfélögin eru nú með fókus á fjárhagsáætlun næsta árs og vilja leggja aukna áherslu á þriggja ára fjárhagsáætlanir með tilliti til innviðauppbýggingar. Slík nálgun gæti skilað 10-11% sparnaði og auknum fyrirsjáanlega.

Arnar ræddi einnig um stafræna vegferð sveitarfélaga og þau verkefni sem Samband Íslenskra sveitarfélaga vinnur að. Lögð er áhersla á að skil til sambandsins séu á sama formatti, að lykjar og bókhaldsfærslur séu samræmdar, svo unnt sé að tryggja betri gæði gagna og möguleika á samanburði.

Samræming yrði á skilum gagna þannig að öll sveitarfélögin vinni eftir sameiginlegu formi. Einnig yrðu samræmdir gagnalyklar til að tryggja samanburðarhæfi milli sveitarfélaga. Þegar gögn eru samræmd verður hægt að bera saman sveitarfélög á skýran hátt t.d. eftir mælaborði. Samræmd gögn gera kleift að vinna ítarlegar greiningar og nýta gögnin til stefnumótunar.

KPMG vann nýlega skýrslu um fjárfestingu hins opinbera í stafrænum málum. Samkvæmt skýrslunni nema útgjöld á þessu sviði 43 milljörðum króna, þar af setur ríkið 33 milljarða, Reykjavíkurborg 6 milljarða og önnur sveitarfélög 5 milljarða. Markmiðið er að ná 20% hagræðingu út úr þessum málaflokki. Arnar tók fram að slíkur sparnaður gæti nýst til að greiða niður innviðaskuld.

Íslensk sveitarfélög styðja íþróttafélög meira en þekkist víðast hvar annars staðar í Evrópu. Arnar sagði að Ísland mætti teljast „Evrópumeistari“ í stuðningi við íþróttafélög og hvatti til þess að við klöppuðum okkur á bakið fyrir þann árangur.

Lögð verður áhersla á að efla stjórnsýsluvið sveitarfélaga og huga sérstaklega að jafnrétti, þar sem bent hefur verið á að brottfall kvenna er mjög mikið eftir fyrsta kjörtímabil. Innviðaráðherra tekur undir mikilvægi þess að bæta starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Fram kom að 61 sveitarfélag verður starfandi eftir sameiningu Borgarbyggðar og Skorrads og að fleiri sveitarfélög séu í viðræðum um sameiningar.

SÍS er á hringferð um landið til að heimsækja öll sveitarfélög landsins. Markmið ferðarinnar er að hitta kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaganna, efla tengsl og styrkja samstarf.

Samband íslenskra sveitarfélaga fagnar í ár 80 ára afmæli og haldinn var hátíðarkvöldverður í tilefni þess. Þar var minnt á mikilvægi samstarfs sveitarfélaga og farið yfir þróun þess í gegnum árin.

5. Skýrsla stjórnar

Formaður stjórnar, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, flutti skýrslu stjórnar:

Kæru bæjarfulltrúar, bæjarstjórar og aðrir fundargestir

Fyrir hönd stjórnar vil ég bjóða ykkur hjartanlega velkomin til þessa 49. aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Þegar við hittumst hér fyrir rúmu ári síðan á aðalfundi þótti mér áhugavert að þar var meðal annars rætt um kynjahalla í stjórninni. Þá voru þrír karlar og ein kona í stjórn en núverandi stjórn er skipuð einum karlmanni og þremur konum svo staðan snerist algerlega við.

Á þeim fundi vorum við einnig beðin um að skilgreina hvaða verkefni okkur finnst að S.S.S. eigi að sinna og við munum sennilega öll eftir borðavinnunni sem við fórum í. Niðurstöðurnar voru nokkuð skýrar en þar kom m.a. fram að Sambandið ætti að:

- vinna að sameiginlegum atvinnu- og markaðsmálum*
- efla samvinnu í ferða- og markaðsmálum • vinna að bættum samgöngumálum milli byggðakjarna og til svæðisins í heild sinni*
- berjast fyrir jöfnum framlögum til málaflokka frá ríkinu til svæðisins og tryggja hagsmunagæslu gagnvart ríkinu*
- leggja áherslu á stuðning við uppbyggingu atvinnulífs og eflingu frumkvöðlastarfsemi – sækja tækifæri*

Það er ánægjulegt að segja frá því hér að þetta er það sem við höfum verið að vinna að og endurspeglast það m.a. í dagskrá þessa fundar sem við sitjum hér saman í dag.

Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur á liðnu starfsári komið tíu sinnum saman og fjallað um fjölbreytt málefni sem snerta sveitarfélögin og íbúa svæðisins. Stjórn hefur eftir sem áður unnið í samræmi við samþykktir í góðu samstarfi við framkvæmdastjóra. Fundirnir hafa einkennst af góðri samvinnu og sameiginlegri sýn um að styrkja þjónustu, efla samstarf auk þess að gæta hagsmuna Suðurnesja gagnvart stjórnvöldum og öðrum samstarfsaðilum.

Fjölmarginir gestir hafa mætt á fundi stjórnar og málefnið hafa verið fjölbreytt eins og gengur og gerist og ætla ég að reyna að stikla hér aðeins á stóru.

Fjármál og rekstur hafa verið á borði stjórnarinnar eins og venja er þar sem farið er yfir fjárhagsáætlanir og ársreikninga. Framlög ríkisins til Suðurnesja eru ítrekað til umræðu en þau

eru lægst á landsvísu, og hefur framkvæmdastjóri og stjórnin ítrekað kallað eftir því að skilgreiningar sem liggja að baki úthlutun verði endurskoðaðar. Þá hefur hallarekstur vegna almenningssamgangna verið til umræðu í nokkurn tíma, en framkvæmdarstjóri fylgdi því máli fast eftir gagnvart ríkinu sem skilaði sér loksins í endurgreiðslu á hluta Suðurnesja.

Stefnumótun hefur einnig verið til umræðu. Sóknaráætlun Suðurnesja fyrir árin 2025 til 2029 hefur verið samþykkt en hún miðar að því að efla atvinnulíf, menntun og samfélagslega innviði svæðisins með áherslu á nýsköpun, fjölbreytt störf og sjálfbærni. Hún styður sprotafyrirtæki, menntatækifæri og félagsþjónustu, auk þess að fjárfesta í samgöngum og umhverfisverkefnum, allt í samstarfi sveitarfélaga, ríkis og atvinnulífs.

Þá hafa drög að atvinnustefnu fyrir árin 2026 til 2030 verið kynnt fyrir stjórn, og verða til kynningar hér síðar á fundinum og síðar send sveitarfélögunum til umsagnar. Með þessum áætlunum er lagður grunnur að áframhaldandi þróun á sviði menntunar, nýsköpunar, ferðaþjónustu og atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

Samgöngu- og byggðamál hafa einnig verið á dagskrá. Fjallað var um endurskoðun á leiðarkerfi landsbyggðaraksturs, þar sem mikilvægir hagsmunir Suðurnesja liggja undir og um að uppbygging innviða á svæðinu verði jöfn við það sem gengur og gerist annars staðar á landinu.

Í mennta- og menningarmálum hefur stjórnin meðal annars tilnefnt fulltrúa í skólanefnd Fjölbautaskóla Suðurnesja og stutt áframhaldandi starfsemi Fab Lab Suðurnesja, Reykjanes Geopark og fleiri verkefni sem styrkja menntun, vísindi og nýsköpun á svæðinu.

Atvinnu- og nýsköpunarmál hafa einnig verið til umfjöllunar. Mörg spennandi erlend samstarfsverkefni hafa verið kynnt og skýrsla vegna græns iðngarðs á Reykjanestá var lögð fram sem hluti af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurnesja samkvæmt viðaukasamningi við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið. En í skýrslunni er búið að greina sjálfbærni viðmið og leggja til mælikvarða fyrir iðngarðinn. Það eru því margvísleg verkefni í gangi sem stuðla að auknum tækifærum og styrkari framtíðarsýn fyrir svæðið.

Eitt af því sem stendur upp úr á þessu starfsári er kröftug innkoma ungmennaráðs Suðurnesja. Með því er tryggt að raddir ungs fólks fái hljómgrunn í stefnumótun og ákvarðanatöku á vettvangi S.S.S. Ráðinu hefur nú þegar verið boðinn fastur vettvangur hjá Sambandinu og við treystum á að það verði hluti af komandi vinnu og verkefnum.

Og talandi um kraft þá hefur ekki farið fram hjá neinum að ráðinn hefur verið verkefnastjóri farsældar barna sem mun leiða uppbyggingu farsældarráðs á Suðurnesjum og hefur hún komið af miklum krafti inn í starfið. Þetta er mikilvægt skref til að efla samráð og samvinnu í málaflokkum sem varða börn og fjölskyldur á Suðurnesjum.

Kæru fundarmenn, eins og þessi yfirferð á síðasta starfsári ber með sér þá er mikill vöxtur á Suðurnesjum og gríðarlega mörg spennandi verkefni og tækifæri sem við stöndum frammi fyrir. Á svæðinu okkar er gríðarlega mikil orka sem er mögulega okkar sérstaða en við munum heyra meira um það hér á eftir.

Í því samhengi vil ég ljúka máli mínu á því að segja að hvort sem við lítum á orkuna sem býr í íbúum okkar og stofnunum, frumkvöðlum og fyrirtækjum, í hafinu, veðri og vindum eða orku í jörðu þá vitum við öll að hana er ekki að finna á hverju strái. Hér er einstakt samfélag og umhverfi sem við getum verið stolt af og það er okkar að koma auga á þessa fjölbreyttu orku, efla og styðja við hana og skapa tækifæri til að nýta hana til fullnustu.

Ég vil fyrir hönd stjórnar þakka framkvæmdarstjóra og starfsmönnum fyrir góð störf á árinu. Ég vil einnig þakka stjórninni fyrir samstarfið á starfsárinu og hlakka til næsta árs.

Nú höldum við áfram að vinna saman af krafti því samstaða okkar er okkar stærsta afl.

Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, stjórnarformaður Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

6. Ársreikningur S.S.S. fyrir árið 2024

- Kristján Ragnarsson endurskoðandi frá Deloitte

Kristján Ragnarsson, endurskoðandi og meðeigandi hjá Deloitte kynnti ársreikninginn.

7. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning

Fundarstjóri gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Engar spurningar eða umræður um ársreikning eða skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri bar upp reikninga sambandsins til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

8. Tillögur um breytingar á samþykktum og ályktanir lagðar fram

Tillögur og ályktanir lagðar fram en afgreiddar síðar á fundinum. Breytingartillaga á 5. grein á samþykktum. Lagt til að Reykjanesbær skipi formann stjórnar en stjórn skiptir að öðru leyti með sér verkum. Afgreitt síðar.

Fjórar ályktanir lagðar fram. Ályktun um brottfararstöð og móttökustöð, ályktun um framlög til Suðurnesja, ályktun um samgöngumál og ályktun um viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Verða ræddar síðar í dag.

9. Frumvarp til laga um brottfararstöð

- Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir dómsmálaráðherra

Kynnt var grunnhugmynd að brottfarar- og móttökustöð og fjallað um hvað slíkar stöðvar fela í sér og hvað ekki. Fram kom að stefnuýfirlýsing ríkisstjórnarinnar í

Útlendingamálum er skýr. Markmiðið er að gefa fólki sem kemur til landsins tækifæri til að komast inn í kerfið og fá rétta málsmeðferð. Á sama tíma þarf að bregðast við þegar einstaklingar fá ekki vernd og eru ekki samvinnufúsir við að yfirgefa landi.

Rætt var um að gera skýran greinarmun á fólki sem kemur til landsins í leit að betra lífi og þeim sem flýja land sitt vegna stríðs, ofsókna eða annarra aðstæðna sem falla undir alþjóðlega vernd. Ísland geti ekki tekið á móti öllum.

Einnig var minnst á mál tengd mansali þar sem einstaklingar eru blektir til að koma til landsins og lenda í misnotkun og vændi. Talið var mikilvægt að stjórnvöld axli ábyrgð og grípi til aðgerða í slíkum málum.

Markmið stjórnvalda er að tryggja að alþjóðleg vernd standi undir tilgangi sínum og að unnið sé eftir skýrum og sanngjörnum reglum.

Kynnt var frumvarð um brottfararstöð sem sett var í samráðsgátt stjórnvalda og verður þar í tvær vikur. Frumvarpið fjallar eingöngu um brottfararstöðina en ekki um móttöku- og skimunarstöð sem verður unnið frekar síðar. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um staðsetningu brottfararstöðvar, en eðli málsins samkvæmt liggur beinast við að hún verði nálægt alþjóðaflugvelli. Brottfararstöð er þvingunarráðstöfun, en mildari en það úrræði sem nú er notað, að vista fólk í fangaklefa þegar flytja þarf það úr landi. Þetta úrræði er ætlað þeim einstaklingum sem hafa fengið endanlegt nei í kerfinu, hafa áfrýjað án árangurs og eru ekki samvinnufúsir við að fara af landi brott.

Um er að ræða lokað úrræði þar sem einstaklingar verða ekki frjalsir ferða sinna, en það hefur engin áhrif á íbúa Suðurnesja. Gert er ráð fyrir að aðeins fáir þurfi að vista í slíku úrræði, en tilvist þess hafi fælingarmátt.

Öll hin Norðurlöndin hafa þegar komið á fót sambærilegum úrræðum og Ísland er skuldbundið skv. Schengen-samkomulaginu að hafa slíka stöð til staðar. Ísland hefur í raun átt að uppfylla þessa skuldbindingu frá árinu 2007.

Fram kom að uppbygging brottfararstöðvar felur í sér bæði almenn og sérhæfð störf, auk afleiddra starfa, t.d. fyrir heilbrigðisstarfsfólk, öryggisvörðum og lögreglu. Brottfararstöðin er hluti af vinnu ríkisstjórnarinnar til að ná betri stjórn á málaflokknum og er jafnframt talið mikilvægt öryggisatriði.

Einnig var fjallað um hugmyndir á móttöku- og skimunarstöð, sem verður aðskilið úrræði frá brottfararstöð. Markmið slíkrar stöðvar er að veita heildstæða þjónustu á einum stað fyrir einstaklinga sem koma fyrst til landsins. Þar yrði samhæfð þjónusta frá helstu stofnunum, Útlendingastofnun, heilsugæslu, Vinnumálastofnun og lögreglu. Þjónustan mun fela í sér heilbrigðissskoðun, auðkenningu og bakgrunnsskoðun, auk öryggisreglugerðar skv. Schengen-reglum. Á meðan á þessari skimun stendur er fólk ekki frjálst ferða sinna. Það dvelur þar aðeins í stuttan tíma, jafnvel nokkrar

klukkustundir, áður en það heldur áfram í næsta skerf málsmeðferðar eða er snúið aftur. Móttökumiðstöð verður að líkindum staðsett nálægt landamærum, þ.e. við alþjóðaflugvöllinn og mun ekki hafa áhrif á íbúa á Suðurnesjum. Fram kom að þessi þjónusta geti dregið úr innviðakostnaði frá því sem nú er og stuðlað að skilvirkari og mannúðlegri meðferð mála.

Að lokum var áréttað að bæði úrræðin, móttöku-/skimunarstöð og brottfararstöð eru lokuð úrræði sem þjóna ákveðnum tilgangi innan útlendingamálakerfisins. Þau eru liður í að efla öryggi, bæta stjórnsýslu, tryggja mannúðlega meðferð mála og uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands skv. Schengen-regluverkinu.

Fyrirspurnir og umræður

Bjarni Páll spurði hvort brottfararstöðin muni taka á móti vegalausum fólki í flugstöðinni.

Alexander spurði hvort þeir sem fá synjun á landamærum fari beint í brottfararstöð og hvort þeir verði vistaðir þar eða annars staðar.

Þorbjörg svaraði að framkvæmdin á því þyrfti að skoðast nánar við meðferð málsins. Mikilvægt væri að fólk væri ekki í reiðileysi og alls laust einhvers staðar.

Guðlaugur spurði um áætlaðan fjölda í úrræðinu.

Ekki liggur fyrir hversu margir verði þar, en markmið ráðherra er að úrræðið verði til staðar þegar endanleg synjun á dvöl liggur fyrir og viðkomandi neitar að fara sjálfviljugt. Vonin er sú að tilvist brottfararstöðvarinnar verði til þess að fólk fari sjálf úr landi þegar það veit að annars verði það vistað þar. Væntingin er að það verði ekki margir.

Hera spurði hvort metin hefðu verið samfélagsleg áhrif af því að koma brottfararstöð svona nálægt flugvellinum, m.a. varðandi ásýnd svæðisins og umræðu um hverfi.

Þorbjörg sagði að brottfararstöð myndi ekki verða hluti af sveitarfélaginu og að draga ætti úr umræðu um hverfi í tengslum við þetta mál. Stóra markmiðið sé að ná betri stjórn á málaflokknum og létta álagi af sveitarfélögunum.

Jóhann bætti við að samfélagslegt áhættumat yrði rýnt samhliða þessari vinnu.

Magnús nefndi að Suðurnesjabær reki nú móttökustað vegna fylgdarlausra barna í samstarfi við mennta- og barnamálaráðuneytið og að engar breytingar séu á þeirri framkvæmd.

Þorbjörg útskýrði að fylgdarlaus börn verði ekki vistuð í brottfararstöðinni. Tvær tegundir barna koma til greina: þau sem koma ein og þau sem koma í fylgd foreldra. Fylgdarlaus börn fara ekki í brottfararstöð, en fyrir fjölskyldur verði sérstök fjölskyldurými þar sem hægt sé að verja hagsmuni barnanna eins og frekast er unnt.

Margrét Sanders ræddi um börn og spurði um móttöku, skólagöngu og önnur úrræði ef dvöl dregst á langinn. Hún benti á að ef dvöl hefur verið í vinnslu lengur en 18 mánuði fái viðkomandi sjálfkrafa dvalarleyfi, sem hún taldi óeðlilegt.

Einar Jón spurði um lögreglumál og húsnæði lögreglunnar á Suðurnesjum sem hann sagði til háborinnar skammar. Hann lagði til að byggð yrði almennileg lögreglustöð samhliða brottfararstöðinni.

Þorbjörg tók undir að horfa þurfi á þennan málaflokk heildstætt og að lögreglumál og brottfararstöð tengist nánnum böndum.

Anton spurði hvort brottfararstöðin yrði á landi Suðurnesjabæjar eða Reykjanesbæjar og hvort hún myndi auka álag á sveitarfélagið.

Þorbjörg sagði að endanleg staðsetning liggi ekki fyrir en að hún verði á Suðurnesjasvæðinu. Markmiðið sé að tempra álag á sveitarfélögin, ekki auka það.

Guðbergur spurði hvort úrræðið yrði lokað.

Þorbjörg staðfesti að brottfararstöðin verði lokað úrræði.

Jóhann ræddi einnig nálægð við alþjóðaflugvöllinn og spurði um áhrif á heilbrigðisþjónustu.

Þorbjörg svaraði að hluti starfseminnar verði heilbrigðisþjónusta sem verður kostuð af ríkinu og úrræðinu sjálfu, ekki HSS. Það muni því ekki auka kostnað sveitarfélaganna heldur draga úr álagi. Ný heilsugæsla í Innri-Njarðvík muni jafnframt bæta þjónustuna.

10. Fjárfesting í farsæld

– Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri S.S.S

Farsældarráð Suðurnesja var stofnað í júní á þessu ári og er fyrst allra landshluta til að stofna farsældarráð. Markmið ráðsins er að efla farsæld barna og ungmenna í samræmi við lög um samþætta þjónustu. Hjördís ræddi um hugmyndina um „farsældarþorp“, að það þurfi heilt þorp til að ala upp barn. Lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf allra stofnana og fagstétta. Samstarf við foreldra, sveitarfélög, ríki, kennara og starfsfólk skóla, heilbrigðisþjónustu og tómstundir. Á Suðurnesjum hefur verið unnið mikið frumkvöðlastarf á þessu sviði, sem Hjördís mun byggja áfram á í nýju starfi.

Á Suðurnesjum er öflugt, fjölbreytt og ört vaxandi samfélag þar sem börn gegna lykilhlutverki. Svæðið einkennist af samstöðu, menningarlegum krafti og nýsköpun. En það stendur einnig frammi fyrir áskorunum í velferð barna og fjölskyldna. Mikil fjölgun hefur orðið á svæðinu og einnig er hlutfall erlendra ríkisborgara 26,8% íbúða á Suðurnesjum.

Hjördís hefur unnið í gögnum af næstum þúsund börnum á Suðurnesjum, þar sem staða barnanna var mæld. Þessi rannsókn er kölluð „Íslenska æskulýðsrannsóknin“

Þar kom mikill meiri hluti barna í 6.-10. bekk upplifa að þau séu virkir þátttakendur í skólastarfi og er það mælt hærra en landsmeðaltal. Næstum öll börn í yngri bekkjum eiga góða vini, sem er ein sterkasta forvörnin gegn einmanaleika og vellíðan. Vinátta er grunnur farsældar.

En áskoranir eru margar t.d. er andleg líðan ungra stúlkna í Reykjanesbæ talin slæm og nefnd var „Hlýjan“ sem er nýtt úrræði sem stuðlar að bættri líðan. Þátttaka barna í tómstundarstarfi er minni en að meðaltali á landsvísi, sérstaklega frá 6. bekk og upp úr og meðal barna af erlendum uppruna.

En það þarf oft ekki mikið til að breyta. Dæmi um árangursríkt verkefni var þegar Rauði Krossinn á Íslandi og Knattspyrnudeild Keflavíkur stóðu saman að fimm vikna fótboltanámskeiði árið 2021. Börn fengu að æfa frítt fram að áramótum og eru enn að æfa í dag. Kostnaður var um 150 þús. kr. pr. barn en verkefnið fékk styrk.

Framlög til Fjölbautaskóla Suðurnesja eru lægri en víða annars staðar á landinu. Fjárveitingar til Suðurnesja endurspeglar ekki íbúasamsetningu svæðisins og þörf fyrir aukið fjármagn til mennta- og velferðarmála.

Íslensk sveitarfélög verja 60% af öllum sínum fjármunum í málefni barna og fjölskyldna. Þetta eru 320 milljarðar kr. á ári. Stærsti útgjaldaliður sveitarfélaga. En erum við að fá ávöxtun í samræmi við fjárfestinguna? Árlegur kostnaður samfélagsins eru 100 milljarðar vegna áfalla í barnæsku, börnin eru ekki gripin nógu snemma. Af þessum 100 milljörðum bera sveitarfélögin 40% , það eru 40 milljarðar ofan á þá 320 milljarða sem þau eru nú þegar að eyða. Áföll í barnæsku og afleiðingar þeirra eru nú mest notaða aðferðafræðin til að meta farsæld barna. Aukinn fjöldi áfalla í barnæsku leiðir til áhættuhegðunar í kjölfarið, auk andlegra vandamála, örorku og sjálfsvígstilrauna síðar á lífsleiðinni. Árlegur kostnaður vegna áfall í æsku á Suðurnesjum er 9,6 milljarðar. Niðurstöður íslensku æskulýðsrannsóknarinnar benda hins vegar til að hlutfall barna sem upplifa áföll sé hærra á Suðurnesjum en í öðrum landshlutum.

Þess vegna skipta forvarnir gífurlega miklu máli. Sparnaður sveitarfélagsins vegna snemmtækrar íhlutunar yrði 60%, hún yrði 30% hjá ríkinu (t.d. heilbrigðisþjónusta, barnavernd, löggæsla) og óbeinn samfélagslegur ávinningur yrði 10% (minni afleiðingar, betri velferð)

Spurningin er ekki hvort við höfum efni á að fjárfesta í börnum, heldur hvort við höfum efni á að gera það ekki.

11. Ungmennaráð Suðurnesja

– Hafþór Ernir Ólason og Margrét Norðfjörð Karlsdóttir

Hafþór og Margrét leggja fram erindisbréf og biðja um samþykki þess. Erindisbréfinu er dreift til fundargesta. Tilgangur erindisbréfsins er að efla lýðræðislega þátttöku ungmenna, að þau hafi rödd í ákvarðanatöku mála sem snertir þau.

Margrét talaði um að efla lýðheilsu, inngildingu og farsæld, koma fram sjónarmiði til stjórnvalda.

Tillaga er að fulltrúar koma frá öllum Suðurnesjum og hver fulltrúi sitji í 2-3 ár sem verður til samfellu í starfinu.

Hafþór tekur til máls. Leggur áherslu á stofnun Ungmennaráðs Suðurnesja. Framtíð Suðurnesja er hjá unga fólkinu. Ungt fólk er líka nútíðin. Tekur þátt í samfélaginu og þau vilja taka þátt í mótun þess. Enginn vettvangur fyrir eða heildarmynd til á Suðurnesjum. Ungmennaráðið á að taka á þessu. Tækifæri til að hafa áhrif. Þetta er lýðræðismál, ungmennin læra að bera ábyrgð. Ungt fólk býr yfir annarri sýn. Réttlætismál, sjálfsagt að ungt fólk fái tækifæri að hafa áhrif. Nauðsynleg hugmynd. Sýnum ungu fólki að við treystum því, hlustum á það og gott fyrir framtíð svæðisins.

Hlé gert á dagskrá vegna hádegisverðar

12. Atvinnustefna Suðurnesja – kynning Berglind Kristinsdóttir framkvstj. SSS

– Berglind Kristinsdóttir framkvæmdastjóri SSS

Berglind kynnti drög að atvinnustefnu Suðurnesja fyrir árin 2026 – 2030. Stefna sem byggir á samstöðu sveitarfélaga á svæðinu, samtali við atvinnulíf, íbúa og hagsmunaaðila. Markmið stefnunnar er að tryggja fjölbreytt, sjálfbært og samkeppnishæft atvinnulíf á Suðurnesjum.

Meginmarkmið eru :

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf
- Sjálfbær ferðapjónusta
- Nýsköpun og græn tækni
- Menntun og þjálfun mæti þörfum atvinnulífsins
- Sterk ímynd og aðdráttarafl
- Samvinna sveitarfélaga, að þau vinni saman sem eitt atvinnusvæði

Hvert markmið er útfært með aðgerðum, mælikvörðum og ábyrgðaraðilum. Stefnan byggir á samþættingu Sóknaráætlunar Suðurnesja, Svæðisskipulags Suðurnesja, áhersluverkefna og atvinnustefnu Reykjanesbæjar, auk þróunaráætlunar Kadeco.

Áætlað er að fjölga störfum um 2000 til ársins 2030. Fyrstu árin færu í kort lagningu þróunarsvæða og stuðning við nýsköpun. Áhersla á árunum 2028-2029 yrði á líftækni, gagnaver og matvælaframleiðslu. Árið 2030 yrði Suðurnes leiðandi í grænum lausnum. Áætlaðar tekjur vegna þessara aðgerða yrðu fyrir sveitarfélögin ca. 1,5 milljarðar kr. á ári, fyrir ríkið yrði það ca. 1,8 milljarðar kr. á ári samtals 3,3 milljarðar kr. á ári.

Reykjanes á að verða fyrirmyndar áfangastaður í sjálfbærri ferðaþjónustu. Við nýtum einstaka náttúru og jarðfræði svæðisins, dreifum ferðamönnum betur og leggjum áherslu á nærandi upplifanir. Almyrkvi árið 2026 er einstakt tækifæri til að kynna nýjar tegundir ferðaþjónustu. Þarna gæti hagrænn ávinningur verið frá 3 ma.kr. Upp í 5ma.kr. Þetta er ávinningur fyrir samfélagið í formi meiri viðskipta.

Suðurnesin verði leiðandi í grænum lausnum og hringrásarhagkerfi. Áhersla er á þróun grænna iðngarða, orkuskipti og nýsköpunarsetur fyrir hringrásarhagkerfi. Þessi uppbygging getur skilað miklum virðisaukatekjum og nýjum störfum. Við erum nú þegar byrjuð að vinna að þessu, búin að skila af okkur einu verkefni með HS Orku um auðlindargarð á Reykjanestá. Hérna var erfitt að setja inn nákvæmar tölur en náí þetta fram að ganga gæti þetta skilað íslensku efnahagskerfi milljörðum í virðisaukaskatt og útflutningstekjur.

Menntun yrði samræmd við þarfir atvinnulífsins. Styrkja þarf háskólasetur og framhaldsskóla. Auka þarf íslenskukennslu fyrir innflytjendur. Markmið er að 90% ungmenna ljúki framhaldsskóla árið 2030. Hærra menntunarstig gæti hækkað meðaltekjur um 15-20% sem er mikilvægt fyrir okkar svæði en Suðurnesin eru með næstlægstar tekjur pr. Íbúa á landinu ef launatekjur eru skoðaðar hjá Byggðastofnun.

Byggja þarf upp jákvæða ímynd Reykjaness með sögum heimamanna efla stafræna markaðssetningu og laða að fjárfestingar. Sterk ímynd skapar traust, laðar að fjármagn og styrkir atvinnulífið til lengri tíma. Þetta munum við ekki gera ein. Við þurfum að eiga gott og mikið samtal við atvinnulífið, ríkisvaldið og stofnanir.

Lykilatriði er að sveitarfélögin á Suðurnesjum vinni saman sem eitt atvinnusvæði. Við setjum upp sameiginlegt mælaborð, greinum atvinnusókn og mótum hvata til starfa nær heimabyggð. Með samvinnu tryggjum við sterkara samfélag og minni álag á innviði eins og Reykjanesbrautina.

Þarna erum við líka aðeins byrjuð, ef þið farið inn á heimasíðu SSS er hægt sjá nokkuð gott safn af upplýsingum sem við erum búin að færa yfir á stafrænt mælaborð. Við ætlum að halda áfram á þeirri vegferð og ég vona að þið séum dugleg að kíkja inn á þetta og nota þessar upplýsingar. Annars er þetta ekki eins mikils virði og við vildum.

Atvinnustefnan var lögð fram á síðasta stjórnarfundum til umsagnar Næst koma hugleiðingar frá mér, hvað ef?

Fór á kynningu á nýrri atvinnustefnu fyrir Ísland sem forsætisráðuneytið hélt í ágúst. Þar var sett upp staðan og þróun efnahags- og atvinnulífs á Íslandi s.l. 14 ár. Þar kom fram að hagvöxtur er knúinn áfram af fólksfjölgun. Aðeins 1% þeirra starfa sem hafa orðið til eru í háframleiðni. Framleiðni kannski ekki mjög góð í þeim störfum sem hafa orðið til. Raunverð fasteigna hefur tvöfaldast á síðustu 15 árum og nafnverð meira en þrefaldast. Umferð um þjóðveg 1 jókst um 80%. Sjúkrarúmum hefur fækkað um 30% og fjöldi barna með erlent ríkisfang hefur þrefaldast í leik- og grunnskólum.

Á Suðurnesjum er varlega áætlaður starfafjöldi ca. 15.000 manns sem eru staðbundin störf, störf sem eru unnin á svæðinu og þeir sem búa hér vinna þau. Bara á Keflavíkurflugvelli eru sennilega um 14 – 15.000 bein og óbein störf en aðeins 65% staðbundin. Við gjaldprot Play kom í ljós að af 400 starfsmönnum sem misstu vinnuna voru aðeins 25% búsettir á Suðurnesjum. Skv. ISAT númerum fyrirtækja á Suðurnesjum má telja að um 45% starfa á Suðurnesjum séu lágframleiðni störf. Þarna er tækifæri að færa hluta þeirra í háframleiðni störf, í orku, gagnaver, líftækni og stafræna þjónustu. Mögulegur virðis auki svæðisins gæti aukist úr 162 milljarða kr. í allt að 218 milljarða kr. árið 2030 með 50% tilfærslu í geira í háframleiðni.

Atvinnulífið hlýtur að vera tilbúið að stökkva á vagninn og fá meira virði út úr fyrirtækinu sínu. Þið og við, ættum að marka okkur skýra stefnu til framtíðar, kortleggja þau fyrirtæki sem passa inn í hana og ná í þau! Leggja til hliðar samkeppni, allt í lagi að fara heilbrigða samkeppni en staðreyndin er sú að fjármunir eru eins og vatn sem leitar í farveg. Peningar leita þangað þar sem þeim líður vel. Okkar besta sameiginlega vopn er að vera búin að undirbúa réttan farveg inn á okkar svæði fyrir hann. Við munum öll hagnast á því. Áfram við!

Fyrirspurnir og umræður

Einar Jón: Benti á að hvergi væri minnst á K64, Kadeco eða ríkið í drögum að atvinnustefnu og taldi það mjög sérkennilegt. Lagði til að þessi aðilar yrðu teknir inn í stefnuna þar sem þeir hefðu lykilhlutverk í þróun svæðisins.

Berglind tók undir að eðlilegt væri að skoða betur persónur og leikendur sem koma að framkvæmd stefnunnar.

Halldór, hafnarstjóri: Vakti athygli á því að Reykjanesbær hefði unnið atvinnustefnu fyrir sveitarfélagið sem lögð var fram og samþykkt í bæjarstjórn í ágúst sl. Spurði hvort sveitarfélögin hefðu fengið tækifæri til þátttöku í vinnu atvinnustefnu Suðurnesja og hvort atvinnustefna RNB hefði verið höfð til hliðsjónar.

Berglind svarar: Fram kom að við vinna atvinnustefnunnar voru notuð í gögn úr Sóknaráætlun Suðurnesja, haldnir voru opnir íbúafundir, og atvinnustefna Reykjanesbæjar var höfð til hliðsjónar. Leitast var við að finna samnefnara og samþætta markmið svæðisins.

Berglind lagði áherslu á að stefnan væri sameiginlegt verkefni allra sveitarfélaga á Suðurnesjum og að allir ættu að eiga hana saman.

13. Markaðsgreining Reykjanesskagans

– Darri Johansen Pipar / TBWA

Darri fór yfir niðurstöður verkefnis sem unnið var á grunni áfangastaðáætlunar með það að markmiði að ákvarða uppfærða staðfærslu Reykjaness gagnvart erlendu ferðafólki.

Verkefnið byggði á rafrænni könnun, vinnustofu og úrvinnslu gagna.

Rætt var að Reykjaness hefði ekki verið skilgreint sem sjálfstæður áfangastaður í augum ferðamanna – „enginn kemur til Íslands til að fara á Reykjanesið“ – og nefnt var dæmi um mikla uppbyggingu á öðrum svæðum, s.s. á Hornafirði.

Lögð var áhersla á að greina hvað aðgreinir Reykjaness frá öðrum svæðum, m.a. eldsumbrotin og jarðfræðin, nálægð við flugvöll og möguleikinn á að upplifa margt á stuttum tíma. Fá ferðamenn til að ljúka ferðinni á Reykjanesi.

Darri kynnti einnig hugmynd að markaðsherferð, framleiðslu efnis fyrir eigin miðla, og tillögu að aðgerðaráætlun til næstu ára byggða á niðurstöðum stefnumótunar sem byggt var á grunni áfangastaðáætlunar að ákvarða uppfærða staðfærslu fyrir Reykjaness gagnvart ferðafólki.

Segir frá hugmynd að markaðsherferð, framleiðslu efnis fyrir eigin miðla og tillaga að aðgerðaráætlun til næstu ára byggt á niðurstöðu stefnumótunar.

14. Uppbygging á öryggis- og varnarsvæði

– Jón B. Guðnason Landhelgisgæsla Íslands og Steingrímur Sigurgeirsson, fulltrúi varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytis

Steingrímur fjallaði um varnarsamstarf Íslands og varnartengd verkefni. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu og tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin sem eru hornsteinar varna Íslands. Samkvæmt forsetaúrskurði og varnarmálalögum fer utanríkisráðherra með varnarmál. Varnartengd verkefni sem Ísland sinnir skv. Skuldbindingum eru framkvæmd á grundvelli samstarfssamninga við Landhelgisgæslu og Ríkislögreglustjóra.

Fyrirkomulag varnarmála er þannig að ábyrgð skiptist milli ríkisstjórnar, dómsmálaráðuneytis, utanríkisráðuneytis, varnarmálaskrifstofu, varnarmálasviðs Landhelgisgæslunnar og ríkislögreglustjóra (NSA).

Varnarmálaskrifstofa (VMS) aðstoðar ráðherra við mótun og framkvæmd stefnu í öryggis- og varnarmálum og heldur samskiptum við erlendar herstöjórnir. Skrifstofan hefur umsjón með rekstri varnartengdra innviða og varnaráætlana. Hún skiptist í fimm deildir: aðgerðir, afvopnunarmál, alþjóðaöryggi, fjölþáttaógnir og framkvæmdir/rekstur. Á skrifstofunni starfa 27 starfsmenn, þar af fulltrúar frá LHG, RLS og CERT-IS, auk 15 útsendra starfsmanna.

Ný íslensk varnaráætlun verður uppfærð árið 2025 í samræmi við stefnu NATO og Bandaríkjanna. Yfir 80 sérfræðingar komu að vinnunni. Sett verður á laggirnar samþættingarmiðstöð öryggis- og varnarmála innan VMS. Markmið er m.a. að tryggja sjálfstæði og yfirráð yfir landssvæði Íslands. Tryggja öryggi lykilinnviða. Veita gisti ríkjaþjónustu og stuðning við liðs- og birgðaflutninga.

Ísland hefur tekið virkan þátt í stuðningi við Úkraínu með:

- búnaðarkaupum (færanlegt sjúkrahús, skotfæri, loftvarnir),
- þjálfun sprengjueyðingasérfræðinga, bráðatækna og sjóliða,
- þátttöku í ríkjahópum um sprengjuleit, netvarnir og varnarsamvinnu,
- samþykkt langtímastefnu um stuðning við Úkraínu til 2028,
- og undirritun tvíhliða samkomulags við Úkraínu árið 2024.

Veruleg fjölgun hefur orðið hjá VMS og öðrum sem sinna varnarmálum m.a. á Keflavíkurflugvelli. Haldin eru regluleg námskeið um öryggis- og varnarmál tvisvar á ári í samstarfi við dómsmálaráðuneytið. Útsendum starfsmönnum í NATO-verkefni og stjórnstöðvar hefur fjölgað. Skilgreindir hafa verið varnarmálafulltrúar í sendiráðum Íslands í helstu samstarfslöndum (Bandaríkin, Bretland, Kanada, Frakkland, Noregur, Þýskaland).

Stóru verkefnin á næstunni:

- Utanríkisráðherra hrinti úr vör mótun varnarmálastefnu vor 2025.
- Aukin þátttaka og stuðningur Íslands við varnarviðbúnað NATO, sérstaklega á Norður-Atlantshafi.
- Áframhaldandi efling varnarsamstarfs við Bandaríkin, Norðurlöndin, ESB, Bretland, Frakkland og Þýskaland.
- Uppfærsla varnaráætlana, bætt gisti ríkjaþjónusta og styrking varnarinnviða.
- Virk þátttaka í varnaræfingum, s.s. Norður-Víkingi, Dynamic Mongoose.
- Aukinn varnartengdur stuðningur við Úkraínu.
- Áframhaldandi efling innlendrar samvinnu og þekkingar í öryggis- og varnarmálum.

Jón tók svo við og fjallaði um uppbyggingu á öryggis- og varnarsvæðunum á Suðurnesjum.

Á svæðinu starfa nú um 70 starfsmenn, auk fjölda verktaka og sérfræðinga. Gert er ráð fyrir að fjöldinn aukist í allt að 150 manns á næstu árum. Þetta eru fjölbreytt og góðstörf, sérhæfð og í hátækni. Áhersla er að jafna kynjahlutfall. Verkefnin tengjast innkaupum framkvæmdum og þjónustu. Lögð er áhersla á versla og vinna sem mest á Suðurnesjum.

Verkefnin tengjast innkaupum, framkvæmdum og þjónustu, og er lögð áhersla á að versla og vinna sem mest á Suðurnesjum.

Jón lagði áherslu á að koma þyrfti framkvæmdum hraðar af stað og vill sjá framkvæmdasýslu ríkisins með útibú á Suðurnesjum. Hann benti á að ekki væri skortur á fjármagni, heldur frekar á framkvæmdahraða og verktökum til að sinna verkefnunum.

Verkefnið er skilgreint í Þjóðaröryggisstefnu Íslands, sem samþykkt var árið 2016 og endurskoðuð 2023, nánar tiltekið í 6. grein stefnunnar.

Helstu verkefni Íslands:

- Reglulegt við hald og rekstur mannvirka og kerfa.
- Gisti ríkjastuðningur– Bygging gistiskála, (2 + 2)
- Mötuneyti
- Vegir, girðingar, aðgangs- og öryggismál
- Aðstaða fyrir erlendan liðsafla
- Endurbætur á flugskýlum
- Bygging á nýju aðgangs- og öryggishliði
- Samþætting, við verkefni NATO og US
- Endurbætur á vestursvæðinu, loftrýmisgæsla, vopnageymslur, flughlöð
- Auka hæfni og getu hér á landi, innviðir og fólk
- Takmarka umhverfisáhrif, hávaða og mengun
- Gervihnattastöð, örugg samskipti við Evrópu og Norður-Ameríku

Unnið er að undirbúningi þriðju flugbrautar á Keflavíkurflugvelli. Framkvæmdin er umfangsmikil og gæti numið 80-100 milljörðum króna, sem fellur alfarið á ríkið. Á svæðinu er mikil starfsemi hermanna, sem hefur einnig jákvæð áhrif á ferðaþjónustu og atvinnu á Suðurnesjum. Kafbátaleitarvélar eru við störf daglega í kringum landið og lofthelgi er vel varin. Stjórnstöð á Keflavíkurflugvelli tengist ljósleiðara-, fjarskipta- og ratsjárkerfum víða um land.

Svæðið sem Landhelgisgæslan hefur umsjón með er rekið eins og lítið sveitarfélag þar sem þörf er á að byggja flugskýli, gistihús og fleiri mannvirki. Bandaríkjamenn hafa fjárfest í margvíslegum verkefnum, m.a. vörugæmslusvæði og nú stendur yfir bygging nýrrar stjórnstöðvar fyrir kaþbátæftirlit.

Verkefni Mannvirkjasjóðs NATO:

Breytingar á ljósleiðarakerfinu • Aðflugsviti í Keflavík • Breytingar á rafkerfum á öryggissvæðunum • Endurbætur á stjórnstöð og stjórnstöðvarkerfinu í NATO CRC-Keflavík • Helguvíkurhöfn og olíubirgðastöð • Endurbætur á flugbrautakerfinu • Endurbætur á varnarinnviðum og kerfum • Uppbygging aðstöðu með vísan til varnaráætlana og getuuppbyggingar (CPP) • Uppfærslur á ratsjárkerfunum 2020 • Endurnýjum á ratsjárkerfunum 2030

Heildarframkvæmdir sem þegar hafa farið fram eða eru í áætlun til 2030 nema um 70 milljörðum. Af því hefur íslenska ríkið lagt fram um 3,3 milljarða og bandaríks stjórnvöld 25 milljarða og aðrar framkvæmdir nema um 2,5 milljörðum króna.

Jón tók fram að nóg fjármagn væri til staðar, en að mikilvægt væri að tryggja nægilegt verktakaafli og skipulag til að ljúka verkefnunum á réttum tíma.

Kaffihlé

15. Ályktanir og umræður

Breytingar á samþykktum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum lögð fram ásamt ályktunum.

Fyrst tekur fyrir ályktanir:

Ályktun um viðbyggingu Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Ályktun lögð fram á 49. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 4. október 2025 hvetur ríkisvaldið til að hefja viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem fyrst og fagnar forgangsroðun mennta- og barnamálaráðuneytis sem setur Fjölbrautaskóla Suðurnesja í fyrsta sæti af fjórum skólum í fyrsta fasa.

Þegar byggt var við skólann síðast 2004, þá var íbúafjöldinn á Suðurnesjum 17.090. Í júlí var íbúafjöldinn í Reykjanesbæ einum 22.630. Þann 1. júlí 2025 var íbúafjöldi á Suðurnesjum 29.490.

Því lætur nærri að íbúafjöldinn á svæðinu hafi tvöfaldast síðan síðast var byggt við skólann. Rétt er að hafa í huga að hlutfall nemenda sem sækja um nám í framhaldsskóla hefur hækkað frá því sem var 2004 og því eru sífellt fleiri úr hverjum árgangi sem sækja um skólavist. Hlutfall nemenda af erlendum uppruna er einnig hátt á svæðinu og þeir sækja eðlilega líka um skólavist á Suðurnesjum.

Upphaflegur samningur, byggður á þarfagreiningu skólans var undirritaður fyrir 81 viku síðan. Sá samningur hljóðaði upp á viðbyggingu við skólann upp á allt að 1900 m² en teikningar af nýju viðbyggingunni eins og sakir standa í dag eru alls 1.800 m² sem eru ekki að endurspegla þarfir og umfang skólans þar sem áskoranir snúa meðal annars að mjög miklum fjölda nemenda, að miklum fjölda nemenda sem hafa ekki íslensku að móðurmáli, að verulegri þrengingu að verknámsaðstöðu en auk þess hefur skólinn tekið að sér nemendur sem voru áður í menntaskólanum við Ásbrú auk brauta sem sneru að einkaþjálfun, styrktar þjálfun og námi í fóttaðgerðarfræði.

Gríðarlega mikilvægt er að ráðuneytið og Framkvæmdasýsla ríkisins, greini og taki tillit til þarfa skólans og nemenda skólans. Fólksfjölgun á Suðurnesjum hefur verið gríðarleg undanfarin ár og verður ekki fram hjá því litið.

Aðalfundur S.S.S. skorar á ríkisvaldið að hefja viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja í samræmi við þarfir hans, sem allra fyrst ásamt því að endurskoða að fullri alvöru nemendaígildi Fjölbrautaskóla Suðurnesja sem færir nemendum á Suðurnesjum 445 þúsund krónum minna á hvern nemanda, eða 16% lægra framlag, við meðaltal annarra skóla.

Breytingatillaga barst frá Guðnýju Birnu og í framhaldi var ályktunin samþykkt.

Ályktun um samgöngumál

Ályktun lögð fram á 49. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 4. október 2025 hvetur ríkisvaldið til að endurskoða ákvörðun um breytt leiðarkerfi landsbyggðaraksturs sem mun valda alvarlegri þjónustuskerðingu við íbúa á Suðurnesjum.

Óviðunandi skerðing verður á þjónustu við íbúa á Suðurnesjum þann 1. janúar 2026 þegar stoppistöðvum mun fækka úr átta í tvær í Reykjanesbæ og úr sjö í fjórar í Suðurnesjabæ ef áætlanir ná fram að ganga. Var fulltrúum sveitarfélaganna bent á að það væri þörf á að gera þessar breytingar m.a. þar sem illa gengi að halda tímaáætlun í akstri sökum þungrar umferðar á höfuðborgarsvæðinu. Þykir aðalfundinum miður að Vegagerðin tók ekki tillit til þeirra athugasemda sem komu fram á samráðsfundum á vinnslutíma endurskoðunar á breytingum á leiðarkerfinu á Suðurnesjum né skriflegum ábendingum sveitarfélaganna um sama efni. Þessi fyrirhugaða breyting mun koma hvað þýngst niður á ungum námsmönnum á Suðurnesjum sem þurfa að treysta á almenningsamgöngur og mögulega gera ákveðnum hóp ómögulegt að sækja sér menntun. Breytingarnar eru einnig í andstöðu við markmið

aðgerðaráætlunar stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem markmiðið er að auka notkun á almenningssamgöngum utan höfuðborgarsvæðisins.

Leið 55 mun ekki stoppa í hverfum Keflavíkur og Ásbrúar sem gerir það að verkum að þörf verður á aukinni þjónustu í innanbæjarakstri til að koma íbúum á tengistöð þar sem aðeins ein stoppistöð verður við Miðstöðina við Krossmóa ef frá er talin stoppistöðin á Reykjanesbraut við Tjarnarhverfi. Áður ók leið 55 eftir stofnbraut í gegnum Reykjanesbæ og náði með því að safna í vagninn úr öllum hverfum sveitarfélagsins. Vegagerðin hefur ekki óskað eftir samtali við Reykjanesbæ eða Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum til að kynna lausnir Vegagerðarinnar til að styðja við fóðrun innanbæjarkerfisins við tengistöðina.

Aðalfundurinn telur með öllu óboðlegt að íbúar á landsbyggðinni þurfi að búa við skerta þjónustu í almenningssamgöngum vegna umferðarpunga á höfuðborgarsvæðinu og krefst þess að ákvörðunin verði endurskoðuð í samráði við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Ályktunin samþykkt með smávægilegum breytingum.

Ályktun um framlög til Suðurnesja.

Ályktun lögð fram á 49. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 4. október 2025, skorar á ríkisvaldið að tryggja Suðurnesjum sambærileg fjárframlög og öðrum landshlutum til að mæta hraðri fólksfjölgun og sértækum áskorunum svæðisins.

Þann 1. ágúst 2025 bjuggu 29.490 íbúar á Suðurnesjum en þeim hefur fjölgað um 100% frá árinu 1998. Íbúum á Suðurnesjum hefur fjölgað um 42,3% á síðustu 15 árum meðan að landsmeðaltalið er 24,9%. Þetta hefur valdið ýmsum vaxtaverkjum en fjárlög ríkisins gera ráð fyrir því að íbúum á Suðurnesjum fjölgi aðeins um 1% á hverju ári. Suðurnesin eru fjölmenningsarsamfélag en um 27% allra íbúa á Suðurnesjum hafa erlendan bakgrunn.

Framlög til atvinnu- og byggðaðróunar á Suðurnesjum eru lægstu á landinu miðað við höfðatölu. Á fjárlögum síðasta árs nam framlag til byggðaðróunar 821 kr. á hvern íbúa, samanborið við 1.880 kr. á Vesturlandi og 5.777 kr. á Vestfjörðum. Sama misræmi sést í framlögum til Sóknaráætlunar: 3.017 kr. á hvern íbúa á Suðurnesjum, en 5.347 kr. á Vesturlandi og allt að 14.231 kr. á Vestfjörðum.

Þrátt fyrir að starfsmenn Ísavia á Keflavíkurflugvelli séu taldir sem opinber störf er fjöldi stöðugilda ríkisins per íbúa hvergi minni en á Suðurnesjum.

Séu umsóknir um Lóna skoðaðar síðustu þrjú ár, hafa aðeins tvö verkefni fengið styrk en fimm aðilar sóttu um styrk á árinu 2025 af Suðurnesjum en enginn þeirra fékk styrk.

Heildarúthlutun úr framkvæmdasjóði Ferðamannastaða á árinu 2021-2025 voru 3.873 m.kr., þar af runnu 151 m.kr. til Suðurnesja eða 3,5%. Ef skoðaðar eru úthlutanir vegna

náttúruverndar og öryggis var úthlutað 979 m.kr. en þarf af runnu 18 m.kr. til Suðurnesja eða 2%.

Íbúar Suðurnesja eiga rétt á sambærilegri þjónustu og stuðningi og aðrir landsmenn. Núverandi úthlutunarformúlur og skilyrði, sem oft byggjast á landfræðilegri stærð eða fjarlægð frá Reykjavík, endurspeglar ekki lengur raunverulegar aðstæður þar sem fjarþjónusta er víða orðin meginleið.

Lítill áhersla hefur verið lögð á það að aðstoða vaxtasvæði, sem standa frammi fyrir fjölmenningsvæðum, einhæfu atvinnulífi og lágum tekjum.

Stefnur ríkisins undanfarin ár hafa lagt áherslu á að byggja upp landsbyggðir Íslands en það má ekki gleyma því að Suðurnesin eru þrátt fyrir allt landsbyggð eins og aðrar landsbyggðir Íslands.

Ályktun samþykkt með smávægilegum breytingum.

Ályktun um brottfararstöð og móttökumiðstöð

Ályktun lögð fram á 49. aðalfundi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, haldinn 4. október 2025, skorar á ríkisvaldið að hefja tafarlaust gagnsætt samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum áður en lengra er haldið í vinnu við að setja upp brottfararstöð og móttökumiðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd á svæðinu.

Dómsmálaráðuneytið kynnti í júlí 2025 áform um frumvarp til laga um brottfararstöð í samráðsgátt stjórnvalda. Í gögnum ráðuneytisins kom fram að fyrirhugað væri að staðsetja brottfararstöðina á Suðurnesjum ásamt því að flytja móttökumiðstöð umsækjenda um alþjóðlega vernd úr Reykjavík á svæðið. Enn liggur þó ekki fyrir nákvæm staðsetning né útfærsla verkefnisins. Þá hefur ekki verið gert heildarmat á áhrifum lagasetningarinnar á byggðarlög eða sveitarfélög á Suðurnesjum og ekki farið fram formlegt samráð við sveitarfélögin áður en áformin voru kynnt opinberlega.

Aðalfundurinn leggur áherslu á að áformin fela í sér breytingar fyrir Suðurnesin án þess að lagt hafi verið mat á áhrif á svæðið.

Fundurinn áréttar að samráð við sveitarfélögin á Suðurnesjum hafi ekki farið fram áður en áformin voru lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda, sem telst óásættanlegt verklag. Þá er óljóst hvernig stjórnvöld hyggjast uppfylla lagalegar skyldur gagnvart börnum, meðal annars í tengslum við skólaskyldu, verði þau vistuð í brottfararstöð eða móttökumiðstöð á svæðinu.

Ályktun breytt í samræmi við ákvörðun fundarins og samþykkt.

Lögð var fram tillaga um breytingu á 5. Grein samþykktar SSS, þess efnis að Reykjanesbær skipi formann stjórnar SSS en að stjórn skipti að öðru leyti með sér verkum. Samkvæmt samþykktum þurfa tillögur um breytingar að berast mánuði fyrir aðalfund og til að þær nái fram að ganga þarf $\frac{3}{4}$ hluta samþykki aðalfundar SSS.

Fundarstjóri Margrét Sanders staðfesti að tillagan hefði verið lögð fram með réttum hætti og hægt væri að fjalla um hana efnislega, með fyrirvara um að breytingar berist formlega.

Umræður

Anton Guðmundsson spurði hver legði tillöguna fram, hvort það væri stjórn SSS eða Reykjanesbær.

Halldóra Fríða svaraði að hún hefði lagt hana fram í umboði kjörinna fulltrúa Reykjanesbæjar, sem óskað hefðu eftir breytingunni vegna stærðar og kostnaðarhlutdeildar bæjarins.

Einar Jón tók til máls og spurði hvers vegna breytingarinnar væri krafist.

Hann benti á að innan SSS hefðu ekki verið átök og að Reykjanesbær hefði aldrei þurft að beita neitunarvaldi.

Hann taldi ekki þörf á breytingu, þar sem formenn annarra sveitarfélaga hefðu sinnt starfi sínu vel, og að það væri lýðræðislegt að formennska færist á milli sveitarfélaga.

Halldóra Fríða vísaði til fordæma frá öðrum landshlutasamtökum, þar sem stærstu sveitarfélögin, s.s. Akureyri, hafa jafnan tvö sæti og formann. Hún sagði breytinguna snúast um kostnaðarskiptingu, ekki hæfi einstaklinga.

Hlynur Þór frá Suðurnesjabæ tók til máls og sagði að vald ætti ekki að fylgja stærð sveitarfélags, heldur væri mikilvægt að dreifa valdi og tryggja lýðræði.

Hallfríður frá Grindavíkurbæ tók undir þessi sjónarmið og talaði gegn tillögunni.

Guðný Birna lagði hins vegar áherslu á að Reykjanesbær væri stærsti greiðandinn og því eðlilegt að bæjarfélagið ætti formann.

Anton Guðmundsson sagðist meta málefnalega umræðu og að SSS ætti fyrst og fremst að vera samráðsvettvangur sveitarfélaga á Suðurnesjum, þar sem málefni svæðisins væru rædd í heild.

Atkvæðagreiðsla og niðurstaða

Á fundinum voru 28 atkvæðisbærir fulltrúar. Til að tillagan næði fram að ganga þurfti 3/4 hluta samþykki. Fundarstjóri lýsti yfir að tillagan var felld með 10 samþykktum atkvæðum.

Í kjölfar niðurstöðunnar var lagt fram bréf frá bæjarfulltrúum Reykjanesbæjar, sem tekið var til bókunar.

Aðalfundur SSS

4. október 2025

Bókun Reykjanesbæjar - breytingartillaga á samþykktum um skipun formanns stjórnar SSS felld á 49. aðalfundi sambandsins

Reykjanesbær lagði fram tillögu að breytingu á samþykktum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum hvað varðar 5.gr. sem kemur að fulltrúum stjórnar SSS. Reykjanesbær fór fram á það að hafa ávallt formann stjórnar í stað þess að fara með formennsku annað hvert ár.

Reykjanesbær telur eðlilegt að skipan stjórnar SSS endurspegli stærð sveitarfélaga, en Reykjanesbær er stærsta sveitarfélag Suðurnesja með tæplega 23.000 íbúa af rúmlega 29.000 íbúum. Reykjanesbær greiðir í samræmi við stærð sína, tæplega 80% af öllum sameiginlegum kostnaði í verkefnum sveitarfélaganna en þar með nefna kostnað við SSS, við rekstur Kólku, Brunavarna, Fjölbautaskólans og svo mætti áfram telja.

Reykjanesbær hefur neitunarvald innan SSS en annað væri óeðlilegt þar sem ekki á að vera mögulegt að skuldbinda stærsta sveitarfélagið til fjárútláta sem er gegn þeirra afstöðu.

Beiðni Reykjanesbæjar um samfellda formennsku í stjórn SSS er ekki óeðlileg og ekki ósanngjörn. Það verður að teljast athyglisvert að nágrennar okkar sem hafa hafnað sameiningu sveitarfélaga, vilja að við greiðum hátt í 80% af rekstrarkostnaði sveitarfélaganna í samræmi við íbúafjölda en vilja enga breytingu gera á stjórn sambandsins. Því hljótum við í Reykjanesbæ að staldra hér við.

Er okkar hagsmunum á bestan veg borgið með slíku samstarfi? Þar sem okkar eðlilega bón, sem er í samræmi við landshlutasamtök í sambærilegri stöðu, er neitað munum við í kjölfarið ræða framtíð okkar í sameiginlegum verkefnum okkar á Suðurnesjum.

Hér er afstaða okkar nágrenna skýr og þykir okkur það miður. Samstarf okkar er greinilega best þegar við greiðum mest eða um 77% og erum jafn atkvæðamikil og sveitarfélög sem greiða 2,7%, 6,2% og 14%. Við munum því hugleiða okkar stöðu.

Bæjarfulltrúar Reykjanesbæjar

Umræður eftir atkvæðagreiðslu

Bréf frá Reykjanesbæ var tekið til bókunar og rætt í kjölfarið

Einar Jón tók til máls og sagðist hafa ekki átt von á bréfinu. Hann taldi það harðorð og í eðli sínu hótun, og sagðist vilja finna lausn á stöðunni. Hann hvatti til samstöðu og yfirvegunar og sagði að mikilvægt væri að halda samtalinu áfram.

Margrét Sanders fundarstjóri sagði að þessi umræða hefði verið til umræðu frá árinu 2018 og því ekki ný af nálinni.

Magnús Stefánsson gerði athugasemd við ummæli fundarstjóra um samskipti sveitarfélaga og tók fram að þetta væri ekki nýtt mál, en að ræða þyrfti það af yfirvegun.

Björn frá Vogum tók undir orð um að fundarstjóri hefði vísað í sameiningarviðræður sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Hann gagnrýndi bókun Reykjanesbæjar eftir niðurfellingu tillögunnar, og spurði hvað myndi gerast ef Reykjanesbær gengi úr SSS.

Hann sagði Voga hafa skilað auðu, ekki verið andvíga eða með, heldur skilið afstöðu bæði Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar og Grindavíkur.

Einar Jón bætti við að Suðurnesjabær hefði ekki tekið afstöðu fyrir fundinn um hvernig hann ætlaði að greiða atkvæði.

Niðurstaðan er að tillagan um breytingu á 5. grein samþykkt SSS var felld.

Almenn samstaða var um að halda áfram samtali sveitarfélaganna og leita sameiginlegra lausnar á framkomnum ágreiningi.

16. Tilnefning stjórnar og varastjórnar fyrir næsta starfsár 2025- 2026

Eftirfarandi eru tilnefndir í aðal og varastjórn S.S.S. á starfsárinu 2025 – 2026

Reykjanesbær:

Aðalmaður – Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Varamaður – Bjarni Páll Tryggvason

Suðurnesjabær:

Aðalmaður – Jónína Magnúsdóttir

Varamaður – Sigursveinn Bjarni Jónsson

Grindavíkurbær:

Aðalmaður – Ásrún Kristinsdóttir

Varamaður – Sverrir Auðunsson

Sveitarfélagið Vogar:

Aðalmaður – Björn G. Sæbjörnsson

Varamaður – Guðmann Rúnar Lúðvíksson

17. Kosning endurskoðunarfyrirtækis

Samkvæmt útboði sem gert var sumarið 2021 var endurskoðun bókhalds Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum boðin út til fimm ára. Lægst bjóðandi var Deloitte og hafa þeir nú lokið fjórða starfsári sínu fyrir S.S.S.

Það er því lagt til að Deloitte verði kjörið endurskoðunarfyrirtæki Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

18. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Lagt er til að þóknun til stjórnarmanna SSS verði óbreytt en hún er:

Formaður stjórnar: 6% af þingfararkaupi eða kr. 96.677,- fyrir hvern fund.

Aðrir stjórnarmenn: 4% af þingfararkaupi eða kr. 64.452,- fyrir hvern fund.

Lagt er til að þóknun fyrir aðra fundi en stjórnarfundi verði 3% eða kr. 48.339,-

Fundarstjóri bar upp tillöguna og var hún samþykkt samhljóða.

19. Fundarslit

Fleira ekki gert. fundarstjóri Margrét Sanders sleit fundi kl. 16:15

Snjólaug Kristín Jakobsdóttir, fundarskrifari.